

---

Ráðstefna föstudaginn 21. ágúst 2015 – Vídistaðaskóla í Hafnarfirði

---

Dagskrá – með fyrirvara um breytingar

08:30	Skráning
09:00	<b>Setning</b> Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra <b>Grunnþættir í Aðalnámskrá – Heilbrigði og velferð</b> Björg Pétursdóttir, deildarstjóri í mennta- og menningarmálaráðuneytinu <b>Heilsueflandi grunnskóli í Heilsueflandi samfélagi</b> Dóra Guðrún Guðmundsdóttir, sviðstjóri áhrifaþátta heilbrigðis og Ingibjörg Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri Heilsueflandi grunnskóla
10:15	<b>Morgunhressing</b> – Kynningarborð frá ýmsum aðilum
10:45	<b>6H – hlutverk skólahjúkrunarfræðinga í Heilsueflandi grunnskóla</b> Ása Sjöfn Lórens dóttir, skólahjúkrunarfræðingur í Garðabæ <b>Innleiðing Heilsueflandi grunnskóla – reynsla úr Hvaleyrarskóla</b> Hafdís Sigmarsdóttir og Hildur Loftsdóttir, kennarar í Hvaleyrarskóla <b>Hugmyndir að góðu starfi – Hópavinna</b> Ingibjörg Guðmundsdóttir og Gígja Gunnarsdóttir verkefnisstjórar
12:00	<b>Hádegismatur</b> – Kynningarborð frá ýmsum aðilum
13:00	<b>Málstofur a</b>
13:50	Hlé
14:00	<b>Málstofur b</b>
14:50	<b>Síðdegihressing</b> – Kynningarborð frá ýmsum aðilum
15:10	<b>Málstofur c</b>
16:00	Ráðstefnulok



MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ



KENNARASAMBAND  
ÍSLANDS



HAFNARFJÖRÐUR



HEILSUGÆSLAN



Heimili og skóli  
Landssamtök foreldra



MENNTAMÁLASTOFNUN



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
MENNTAVÍSINDASVIÐ



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK  
REYKJAVIK UNIVERSITY



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Málstofur kl. 13:00 – 13:50	Málstofur kl. 14:00 – 14:50	Málstofur kl. 15:10 – 16:00
<p><b>1a Virkni í skólastarfi, endurskoðun handbókar um hreyfingu fyrir grunnskóla</b> <b>Hreyfing í upphafi skóladags – Flataskóli</b></p> <p>Embætti landlæknis vinnur ásamt fleirum að endurskoðun <i>Virkni í skólastarfi, handbók um hreyfingu fyrir grunnskóla</i>. Sagt verður í stuttu máli frá vinnunni og nefnd dæmi um nýlegar rannsóknir sem styðja mikilvægi þess að hreyfing sé fléttuð inn í sem flesta þætti skólastarfsins. Í framhaldinu verður óskað eftir aðstoð áhugasamra við lokayfirferð efnisins.</p> <p>Umsjón: Gígja Gunnarsdóttir, verkefnisstjóri hreyfingar hjá Embætti landlæknis</p> <p>Rannsóknir hafa sýnt að hreyfing í upphafi skóladags hefur jákvæð áhrif á nám og líðan nemenda. Flataskóli segir frá sinni reynslu af slíku skipulagi.</p> <p>Umsjón: Ólöf S. Sigurðardóttir, skólastjóri Flataskóla</p>	<p><b>1b Ofurkraftur náttúrunnar</b></p> <p>Hver er mesta ofurhetjan og hvaða lukkuðis býr yfir mestu töfrunum til að örva skynþroska barna? Hvernig nýtum við kraft náttúrunnar til að örva skynþroska barna og auka hreyfifærni þeirra á sama tíma? Græna wifi-lausa umhverfið er alltaf betri kostur – ég skal segja þér af hverju!</p> <p>Umsjón: Sabína Steinunn Halldórsdóttir íþróttafraeðingur</p>	<p><b>1c Leikur að læra</b> <b>Heilsueflandi grunnskóli – fáid foreldra í lið með ykkur!</b></p> <p>Í málstofunni verður kynnt verkefni sem miðar að því að gera foreldra enn meðvitaðri um að skólinn sé <b>Heilsueflandi grunnskóli</b> og taka virkan þátt í þeirri eflingu í gegnum heimanám barna sinna. Með því að tengja saman heimanám og hreyfingu gefst nemendum tækifæri á að minnka borðavinnu og læra í gegnum mismunandi skynfæri. Á sama tíma læra foreldrar leiki sem geta nýst þeim áfram við heimanám barna sinna.</p> <p><b>Leikur að læra</b> er kennsluáferð þar sem nemendum eru kennd öll bókleg fög í gegnum hreyfingu, leiki og skynjun á , faglegan, skemmtilegan og árangursríkan hátt.</p> <p>Umsjón: Kristín Einarsdóttir</p>
<p><b>2a Nýjar opinberar ráðleggingar um mataræði</b></p> <p>Kynning á nýjum opinberum <a href="#">ráðleggingum um mataræði</a>, nýju <a href="#">veggspjaldi</a> með yfirliti yfir nýjar ráðleggingar og nýjum einblöðungum um <a href="#">Fimm á dag</a> og <i>Heilkorn</i>. Fyrir kennara og starfsfólk mötuneyta.</p> <p>Umsjón: Hólmfríður Þorgeirsdóttir, verkefnisstjóri næringar hjá Embætti landlæknis</p>	<p><b>2b Skráargatið – einfalt að velja hollara og námsefni um Skráargatið</b></p> <p>Kynning á samnorræna matvælamerkinu <a href="#">Skráargatinu</a> og nýlegu <a href="#">námsefni</a> tengdu því.</p> <p>Umsjón: Elva Gísladóttir, verkefnisstjóri næringar hjá Embætti landlæknis.</p>	<p><b>2c Örugg saman</b></p> <p>Örugg saman er námsefni fyrir unglinga um samskipti kynjanna og mikilvægi virðingar í nánnum samskiptum. Hvað er ofbeldi og hvað ber að varast?</p> <p>Umsjón: Ingibjörg Guðmundsdóttir og Jenný Ingudóttir, verkefnisstjórar Heilsueflandi skóla hjá Embætti landlæknis</p>

<p><b>3a Effekt og Val og vitund Forvarnarefni um áfengis- og vímuvarnir</b></p> <p>Í málstofunni verður fjallað um foreldrasamstarf í skólum og námsefnið Val og vitund kynnt. Foreldrasáttmáli Heimilis og skóla verður kynntur og fjallað um mikilvægi foreldrasamstarfs innan skóla og bekkjar. Sáttmálinn kemur út í mismunandi útgáfum fyrir hvert stig grunnskólans og er honum ætlað að vekja uppáendur til vitundar um mikilvægi þess að sýna uppvexti og skólagöngu barna sinna og unglunga áhuga og setja þeim skýr mörk m.a. er kemur að áfengis- og vímuefnaneyslu.</p> <p>Val og vitund er kennsluefni um áfengi og önnur ávana- og vímuefni fyrir nemendur í 8. – 10. bekk grunnskóla sem sækja má á vefsíðu Embættis landlæknis.</p> <p>Kennsluefnið samanstendur af sex kennslustundum fyrir nemendur í 8. – 10. bekk grunnskóla, tveimur fyrir hvert ár.</p> <p>Kennslustundirnar má hvort heldur fella inn í eina ákveðna námsgrein (t.d. lífsleikni) eða skipta á milli fleiri námsgreina samkvæmt samkomulagi og ákvörðun viðkomandi kennara. Með því eykst fjölbreytni í efnistöfum og fleiri kennarar leggja forvörnum skólans lið. Einnig má benda á þann möguleika að nota kennsluefnið í forfallakennslu og/eða tilfallandi aukastundir sem kunna að gefast í skólastarfinu, t.d. í samstarfi við hjúkrunarfræðing skólans og 6H heilsunnar.</p> <p>Umsjón: Sólveig Karlsdóttir og Björn Rúnar Egilsson, verkefnisstjórar hjá Heimili og skóla og Árni Einarsson, framkvæmdarstjóri FRÆ.</p>	<p><b>3b Netnotkun barna og unglinga: SAFT</b></p> <p>Í málstofunni verður farið yfir netnotkun barna og ungmenna. Fjallað um helstu samfélagsmiðla og fjallað um neteinelti, myndbirtingar og ofnotkun, svo fátt eitt sé nefnt. Einnig verður farið yfir snjalltækjanotkun í skólum og hvað er gott að hafa í huga fyrir skóla og kennara þegar kemur að notkun eigin snjalltækja í skólanum. Þá verður farið yfir það námsefni sem SAFT hefur að bjóða og kennarar geta nýtt í sinni kennslu.</p> <p>Umsjón: Björn Rúnar Egilsson og Sólveig Karlsdóttir, verkefnisstjórar hjá Heimili og skóla og SAFT</p>	<p><b>3c Aðgerðaáætlunin „Saman í sátt“</b></p> <p><b>Jákvæður skólabragur,</b> Fyrirbyggjandi starf er stór hluti í „Saman í sátt“ aðgerðaáætluninni. Í málstofunni verður fjallað um hvernig fyrirbyggjandi starfsþættir eru settir inn í svokallað <b>árshjól og þar með skóladagatalið</b>. Þessir starfsþættir eiga að stuðla að jákvæðum samskiptum og jákvæðum skólabrag. Með því að setja þá niður í árshjól er reynt að tryggja að þessir þættir verði ekki útundan og að samfeldni náist á milli ára.</p> <p><b>Leiðir til að fást við einelti og samskiptavanda í skólum.</b> Í málstofunni verður fjallað um aðgerðir og verkferla sem unnið er eftir þegar tilkynning um einelti kemur fram í skólanum. Lýst er hvernig starfsmenn skipta með sér ábyrgð og verkþáttum. Kynntar <b>verklagsreglur fyrir umsjónarkennara</b> sem í þessari aðgerðaáætlun hafa mikla ábyrgð á að einelti verði tekið föstum tókum.</p> <p>Umsjón: Elín Einarisdóttir, námsráðgjafi í Álfhólsskóla</p>
--	---	--

<p><b>4a Líkamsvirðing í skólastarfi</b></p> <p>Hvernig geta skólar stutt við jákvæða líkamsmynd barna og unglinga? Í þessari vinnustofu verður fjallað um líkamsmynd barna og unglinga og mikilvægi þess að heilsuefling í skólastarfi ýti undir jákvæða líkamsmynd og virðingu fyrir fjölbreytileika líkamsvaxtar. Þátttakendur verða hvattir til umræðna og hugarflugs um hvernig hægt er að skapa skólaumhverfi sem einkennist af líkamsvirðingu.</p> <p>Umsjón: Sigrún Daníelsdóttir, verkefnisstjóri geðræktar hjá Embætti landlæknis</p>	<p><b>4b Núvitund – reynsla í skólastarfi</b></p> <p>Í þessari málstofu gefst tækifæri til að heyra hvernig unnið hefur verið með núvitund í skólastarfi. Hvaða undirbúningur þarf að fara fram og hvað hefur verið gert. Vonandi skapast síðan góðar umræður.</p> <p>Katrín Leifsdóttir kennari í Grundaskóla, Dóra Guðrún Þórarinsdóttir kennari í Grunnskóla Vestmannaeyja og Jóna Karólína Karlsdóttir kennari í Hraunvallaskóla segja frá reynslu í sínum skólum.</p>	<p><b>4c Jafnrétti og heilsuefling – hver eru tengslin?</b></p> <p>Í málstofunni verður skoðað hvernig samfélagsleg staða jaðarsettra barna hefur áhrif á heilsu þeirra og líðan. Sérstaklega verða skoðuð áhrif kyns, fötlunar, kynhneigðar og kynvitundar á heilsu og líðan barna og ungmenna. Er markviss vinna skóla að jafnrétti nemenda sinna í raun heilsuefling í verki? Hvernig getum við gert skólann heilsueflandi fyrir öll börn?</p> <p>Umsjón: Auður Magnús Auðardóttir, verkefnisstjóri hjá Jafnréttisskóla Reykjavíkur</p>
<p><b>5a Egilsstaðaskóli – Hvað tekur við að lokinni innleiðingu?</b></p> <p>Fjallað verður um hvað leiðir er hægt að fara eftir að formlegri innleiðingu er lokið. Hvernig er hægt að halda verkefninu áfram án þess að missa dampinn eða neistann. Sagt verður frá hvaða leið Egilsstaðaskóli ákvað að fara t.d. með að huga sérstaklega að umgjörð inn í skólanum fyrir heilsueflandi samfélag, Cominsuarverkefni, Vinaliðaverkefni og margt fleira. Í lokin verða umræður þar sem þátttakendur geta skipst á hugmyndum og skoðunum.</p> <p>Umsjón: Sigurbjörg Hvönn Kristjánsdóttir, deildarstjóri í Egilsstaðaskóla</p>	<p><b>5b</b></p>	<p><b>5c</b></p>